



Fundargerð - 4

Aðalstjórn Aftureldingar fundaði miðvikudaginn 4. júní 2014 á skrifstofu félagsins að Varmá kl. 19:30.

Mætt: Guðjón Helgason, Auður Gunnarsdóttir, Hekla Klemenzdóttir, Geirarður Long og Anna Sigurðardóttir. Indriði Jósafatsson framkvæmdastjóri sat einnig fundinn.

Guðjón bauð fundarmenn velkomna á fund.

Útreikningar á styrkjum.

Indriði skýrði frá því að útreikningar fyrir úthlutun á Rekstrar- og meistaraflokksstyrkjum séu að klárast og verði tilbúnir á morgun 5. júní.

Vorhátíð Aftureldingar.

Indriði lét vita að dagskrá vorhátíðarinnar sem fram fer þann 14.júní sé tilbúin og bæði búninga og veitingasala klár.

Minjagripasala.

Komin er upp sú hugmynd að söluvarningur félagsins ,verði hugsanlega til sölu í Intersport,en þar hafa búningar félagsins verið til sölu. Ákveðið að skoða málið.

Tryggingarmál.

Indriði skýrði frá því að tryggingarmál félagsins séu í skoðun,og verið að vinna í samningum þar að lútandi með það fyrir augum að draga úr kostnaði,en þó ekki á kostnað öryggis. Hluti af tryggingum frágenginn.

Önnur mál.

Gjaldkeri félagsins(HK)lagði fram fyrirspurn vegna bifreiðakaupa sem áttu sér stað hjá einni deild félagsins án vitundar stjórnar. Stjórn ákvað að fara fram á að kaup þessi verðin dregin til baka, enda ekki rétt að eignfæra bifreið á félagið. Gjaldkera falið að skrifa viðkomandi deild bréf þess efnis.

Fundi slitið 20:20.

Fundargerð ritaði Hekla Klemenzdótti